

**Tólfti fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna
Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar
27. september 2023, kl: 15:00.**

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi
Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi
Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð
Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð
Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð

Jón Árnason frá Vesturbyggð boðaði forföll

Bryndís Gunnlaugsdóttir og Vilhjálmur Sveinsson frá KPMG. Vilhjálmur ritaði fundargerð.

I. Skipulag íbúafunda

Farið var yfir skipulag íbúafunda sem verða haldnir í næstu viku og drög að kynningu greiningar samstarfsnefndar. Aðilar voru sammála um mikilvægi þess að hægt sé að koma með fyrirspurnir á fundinum bæði rafrænt og í persónu. Ráðgjafar KPMG munu senda uppfærð drög að kynningu til samstarfsnefndar til yfirlestrar fyrir íbúafundina. Vakin er athygli á breyttri staðsetningu íbúafundar í Patreksfirði sem verður í Patreksskóla.

- Birkimel á Barðaströnd, þriðjudaginn 3. október kl. 16:00.
- Patreksskóli, þriðjudaginn 3. október kl. 20:00.
- Íþróttamiðstöðinni á Tálknafirði, miðvikudaginn 4. október kl. 20:00.
- Baldurshaga á Bíldudal, fimmtudaginn 5. október kl. 20:00.

II. Gátlisti fyrir sameiningarkosningar

Farið var yfir gátlista fyrir sameiningarkosningar og þau atriði er þarf að uppfylla til að kosningar séu í samræmi við væntanlega reglugerð um íbúakosningar.

III. Viðauki við samning KPMG

Farið var yfir viðauka við samning KPMG varðandi vinnu fyrir samstarfsnefndina.
Samningurinn var samþykktur samhljóða

IV. Fundir með eldri borgurum

Ákveðið var að sveitarstjórar ásamt ráðgjafa KPMG myndu heimsækja eldri borgara starf hvers byggðakjarna sömu viku og íbúafundirnir fara fram. Sveitarstjórar munu fylgja eftir að auglýsa heimsóknirnar.

V. Önnur kynningarmál

Farið var yfir almenn kynningarmál í aðdraganda íbúafunda og kosninga um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í eitt sveitarfélag.

VI. Önnur mál

Farið var yfir kostnað vegna vinnu samstarfsnefndar við undirbúning kosninga um sameiningu sveitarfélaganna í eitt sveitarfélag. Kom þar fram að kostnaður hefur farið fram úr áætlunum meðal annars vegna breytinga á reglugerð um íbúakosningar.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjórum ásamt ráðgjöfum KPMG að sækja um viðbótarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða var að næsti fundur samstarfsnefndar yrði 11. október nk. kl.15:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:30.